

sem voru í starfi árið 1971 eða hófu starf síðar, enda séu uppfyllt skilyrði 3. gr. 1.a. um ráðningartíma og aðalstarf.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. mars 1983.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ragnar Arnalds.

LÖG

**um breyting á lögum nr. 94 20. maí 1976, um skráningu og mat
fasteigna, sbr. lög nr. 27 23. maí 1980, um breyting á þeim lögum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. mgr. 23. gr. orðist svo:

Nefndina skipar fjármálaráðherra þremur mönnum og þremur til vara úr hópi tíu manna, sem Hæstiréttur tilnefnir. Skipunartími nefndarinnar skal vera frá 15. maí til jafnlengdar að þremur árum liðnum.

2. gr.

Aftan við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, nr. VI, er orðist svo:

Yfirfasteignamatnefnd skv. 23. gr., eins og henni er breytt með lögum þessum, skal í fyrsta sinn skipuð frá 15. maí 1983. Skipun fyrri nefndar fellur niður frá og með þeim degi.

Gjört í Reykjavík, 28. mars 1983.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ragnar Arnalds.

LÖG

um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Leyfi samgönguráðuneytisins þarf til að hafa með höndum í atvinnuskyni fólksflutninga með bifreiðum, sem stærri eru en svo að þær rúmi 8 farþega.

Leyfi þarf og til að hafa á hendi reglubundna fólksflutninga með bifreiðum, sem rúma 3 til 8 farþega.